



## Umsögn

**Til: Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs**

**Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs**

***Efni: Viðmið um hámarksfjölda reykvískra grunnskólanemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur***

Skóla- og frístundasvið hefur óskað eftir umsögn um viðmið um hámarksfjölda reykvískra grunnskólanemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur.

Tillagan varðar skólaárið 2024-2025. Hún er vegna eftirtaldrá skóla og er efnislega eftirfarandi:

- Waldorfskólinn Lækjarbotnum: Óbreytt, hámark 74 nemendur. Nemendur voru 58 á síðasta skólaári.
- Alþjóðaskólinn á Íslandi: hámark verði 50 nemendur en er 30 nemendur. Nemendur voru 29 á síðasta skólaári. Áætlaður fjöldi nemenda við skólann árið 2024-2025 er 35 nemendur.
- Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ og Hafnarfirði: Óbreytt, hámark 8 nemendur. Nemendur voru 2 á síðasta skólaári.
- Grunnskólinn Nú, Framsýn: Óbreytt, hámark 20 nemendur. Nemendur voru 15 á síðasta skólaári.

Tillagan felur í sér að nemendarammi sjálfstætt starfandi skóla verði aukinn um 20 nemendur.

Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum, sem reknir eru af sveitarfélögum, var kr. 2.734.907,- í apríl 2024. Miðað við að greitt sé 75% af þeirri fjárhæð er árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda kr. 2.051.176,- (dreifist á níu mánuði, sept-maí). Gildir hlutfallið fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda eða kr. 1.914.431,-

Með fjölgun nemenda um 20 þá má ætla að framlög borgarinnar til sjálfstætt starfandi grunnskóla utan borgarinnar hækki um 38.288.620,-

### **Áhrif á fjárheimildir sviðsins**

Fjárheimildir sviðsins vegna grunnskólabarna ráðast af endanlegum barnafjölda og hvernig nemendur skiptast í borgarrekna og sjálfstætt starfandi grunnskóla.

Til skemmri tíma litið er ekki raunhæft að gera ráð fyrir að hægt sé að lækka fastan kostnað í borgarreknum grunnskólum þó að fleiri börn fari í sjálfstætt starfandi skóla, því fjármagn er m.a. bundið í húsakosti borgarinnar og ýmsum öðrum föstum rekstrarkostnaðarliðum sem ekki er hægt að skera niður þó að um lítilsháttar fækkun nemenda sé að ræða milli ára.

Til skemmri tíma er því eðlilegra að bera saman breytilegan kostnað borgarrekinnar grunnskóla við framlag sem greitt er til sjálfstætt starfandi grunnskóla. Slíkur samanburður er þó háður töluverðri óvissu þar sem ekki er ljóst hvernig þessi 20 börn myndu raðast í borgarrekna grunnskóla. Ef börnin raðast þannig að fjölga þurfi bekkjum í borgarreknum skólum, þá yrði kostnaðaraukin óverulegur við að greiða í staðinn framlag til sjálfstætt starfandi grunnskóla. Ef fjöldi bekkja í borgarreknum skólum verður hins vegar óbreyttur, þ.e. betri nýting bekkja, þá má gera ráð fyrir auknum kostnaði borgarinnar við að greiða framlag til sjálfstætt starfandi skóla.

Vegna framangreindrar óvissu um skiptingu barna á milli skóla er nauðsynlegt að gera ráð fyrir að fjármagna þurfi að fullu þá fjölgun sem verður í skólum utan Reykjavíkur verði umsóknin samþykkt. Þó er vakin athygli á því að sjálfstætt starfandi skólar fá fjárheimildir í samræmi við barnafjölda hvers árs. Hækkun viðmiðs um hámarksfjölda skilar því ekki hækkun á fjárheimildum sé heimildin um viðbótar 20 nemendur ekki nýtt.

*Haldóra Káradóttir,  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*